

Andrésar andar leikarnir 2026



Velkomin á 50. Andrésar andar leikana 22. - 25. apríl 2026

Fararstjórafundur í Brekkuskóla 22. apríl kl 18:00



www.facebook.com/andresarleikar

www.skidi.is

Fararstjóramappa

Velkomin á 50. Andrésar andar leikana 22. - 25. apríl 2026 Hlíðarfjalli við Akureyri

Leikstjóri: Fjalar Úlfarsson, sími 898 9822

Mótsstjórar alpagreina: Eyrún Björg Þorfinnsdóttir og Sólrún Tryggvadóttir

Mótsstjóri bretta: Krístrún Lind Birgisdóttir

Mótsstjóri skíðagöngu: Eyþór Ó. Bergmannsson

Andrésarnefnd

Fjalar Úlfarsson, Una Matthildur Eggertsdóttir, Krístrún Lind Birgisdóttir, Kristinn Magnússon, Kári Jóhannesson, Gísli Einar Árnason, Inga Rakel Ísaksdóttir, Magnús Finnsson

Efnisyfirlit

Framkvæmd mótsins	bls 4
Leikjadagskrá í Hlíðarfjalli	bls 5
Alpagreinar – leikreglur	bls 6 og 7
Snjóbretti – leikreglur	bls 8 og 9
Skíðaganga – leikreglur	bls 10 og 11
Skíðagöngukort	bls 12 - 14
Skíðaskotfimi – leikreglur	bls 15 og 16
Skíðaskotfimi kort	bls 17 og 18
Skrúðganga, verðlaunaafhendingar og Höllin	bls 19 - 21
Hlíðarfjall yfirlitskort	bls 22
Dagskrá mótsins	bls 23 - 26
Skrúðgöngukort	bls 27
Sölubásar í Íþróttahöllinni	bls 28





Framkvæmd mótsins

Kvartanir eða álitamál

Að gefnu tilefni vill Andrésarnefndin beina þeim tilmælum til félaganna að ef upp koma kvartanir eða álitamál þá eru það eingöngu þjálfarar viðkomandi félags/keppenda sem koma að máli við dómnefnd leikanna (Andrésarnefndin), en ekki aðrir sem tengdir eru málinu, og alls ekki keppandinn sjálfur eða foreldrar.

Að leggja fram kæru kostar 10 þús. kr. Greiðsla skal innt af hendi strax við kæru með millifærslu inn á reikning 0565-26-1766 og kt. 650392-2809

Ef málið fellur kæranda í hag er gjaldið endurgreitt.

Þátttakendur

Þátttakendur eru á eigin ábyrgð á meðan á leikunum stendur - hvort sem er í Fjallinu eða á öðrum viðburðum tengdum leikunum svo sem í skróðgöngu eða á viðburðum í Íþróttahöll. Andrésarleikarnir bera ekki ábyrgð á fatnaði eða búnaði þátttakenda ef hann skemmist, tapast eða er stolið.

Ef skráður þátttakandi mætir ekki á leikana eru þáttökugjöld ekki endurgreidd.

Númer

Í ár verður sérstök afmælisútgáfa af númerum sem keppendur fá afhent til eignar. Nota skal sömu númer alla leikana.

Lyftukort og aðgangur að skíðagöngusvæði

Lyftukort og aðgangur á skíðagöngusvæði eru nú innifalin í mótsgjöldum leikanna fyrir skráða þátttakendur þá daga sem leikarnir fara fram (fimmtudagur, föstudagur og laugardagur). Lyftukort eru afhent á fararstjórafundi í upphafi leikanna.

Þjálfarar, fararstjórar og foreldrar/systkini þurfa eins og áður að kaupa kort í gegnum Hlíðarfjall til að fá aðgang í lyfturnar, en göngusvæðið er opið fyrir aðstandendur og þjálfara.

Hvatning

Munum að hvetja alla á jákvæðan hátt og af háttvísi. Andrésar andar leikarnir eru fyrst og fremst leikur og skemmtun barnanna. Hrósum, fögnum og höfum gaman.

Skíðaskotfimi

Skíðaskotfimi er nú á 50 ára afmælisleikum tekin inn sem sýningargrein. Í því felst að keppt er til verðlauna í einni keppnisgrein. Sjá nánar um keppnisfyrirkomulag aftar í fararstjóramöppu.



Leikjadagskrá í Hlíðarfjalli fyrir 4-5 ára

Fimmtudagur 23. apríl kl. 11-14

Alpagreinar og bretti

Hver stöð tekur um 20 mínútur.

Allir hópar byrja á stöð 1 en á mismunandi tímum.

Stöð 1: Móttaka og reiptog við Skíðahótelíð

Stöð 2: Samhliðasvig

Stöð 3: Stórfiskaleikur

Stöð 4: Þrautabraut

Hópar og tímasetningar

- Kl. 11:00** Hópur 1 – Hengill, SÓ og SSS
- Kl. 11:20** Hópur 2 – Geilo IL, Mývetningur og SKA 1
- Kl. 11:40** Hópur 3 – SFÍ, Tindastóll og SKA 2
- Kl. 12:00** Hópur 4 – SKÍS, Dalvík og SKA 3
- Kl. 12:20** Hópur 5 – Ármann, BFH og Fjarðabyggð

Hjálmanotkun er skylda og ráðlagt er að keppendur séu með bakbrynjur eða annan hlífðarbúnað.



Andrésar andar leikarnir 2026

Alpagreinar – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru rafrænar á www.skidi.is og á facebook síðu leikanna www.facebook.com/andresarleikar

Mótsstjórar alpagreina eru Eyrún Björg Þorfinnsdóttir og Sólrún Tryggvadóttir

Sérreglur varðandi Andrésar leikanna:

Drengir byrja í stórsvigi

Stúlkur byrja í svigi

Ef keppandi í flokkum 11 ára og yngri sleppir hliði skal hann fara upp fyrir sjónlínu hornrétta á falllínu brekkunnar með klossana. Fyrir 12 – 15 ára keppendur gilda reglur FIS.

Keppendur fara seinni ferð þó svo að fyrri ferð sé ógild og starta skv. venjulegri rásröð.

Keppendur njóta vafans sé um vafaatriði að ræða.

Brautalagning - Lagðar verða einfaldar brautir. Ekki er lögð önnur braut fyrir seinni ferð en braut löguð fyrir seinni ferð ef með þarf. Ekki er skoðun fyrir seinni ferð.

Start er merkt eftir aldri keppenda.

Andrésarbrekka er með eitt start:

Stórsvig - 7 og 8 ára

Svig - 7, 8 og 9 ára

Suðurbakki – Stórsvig

10, 11, 12 og 13 ára og 14 - 15 ára

Norðurbakki

Svig - efra start 12 - 15 ára

Svig - neðra start 9 - 11 ára

Stórsvig – efra start 9 ára

Númer - Keppendur fá sérstök afmælisnúmer til eignar í upphafi leikanna og eru með sömu númer alla leikana.

Skoðun er klukkustund fyrir start og stendur í ca. 30 mín.

Í **seinni ferð** er öllum snúið við og hefst seinni ferð ca. 10 mín eftir að fyrri ferð lýkur ef ekki þarf að laga braut. Mikilvægt er að fararstjórar tryggji að krakkarnir séu komnir í start á réttum tíma.





Andrésar andur leikarnir 2026

Snjóbretti – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru rafrænar á www.skidi.is og á facebook síðu leikanna www.facebook.com/andresarleikar

Mótsstjóri snjóbretta er Krístrún Lind Birgisdóttir

Ef heildarskráning 4–5 ára fer ekki yfir 10 taka krakkarnir þátt í Brettastíl og Brettakross en fá þáttökuverðlaun á laugardag eins og krakkar sem fara í leikjabraut. Ef ekki eru fleiri en 4 keppendur í aldursflokki eru árgangar sameinaðir.

Brettastíll / Slopestyle

Dómgæsla er hefðbundin og dómara eru tveir. Fyrsti keppandi sem lendir heilt rennsli setur viðmið fyrir hina keppendurna. Meðaltal stiga dómara gefur heildarniðurstöðu. Dæmt er eftir stíl, erfiðleikum og lendingu hjá hverjum keppanda 9 ára og eldri. Farnar eru tvær ferðir og betri ferðin gildir.


8 ára og yngri fá **hvatningarstig** frá Andrési sjálfum:

- Rennandi RIP 🙌
- Skoppandi RAP 🏂
- Skransandi Andrés 👍
- Fljúgandi Andrésína 🚀
- Skoppandi Jóakim ⚡
- Tilrauna Georg 🤖

Fundur fyrir keppni er haldinn í **starti**. Miðað er við mætingartíma sem tilgreindur er í dagskrá leikanna.

Keppnin hefst á **æfingu** þar sem keppendur renna sér í gegnum parkið samkvæmt fyrirmælum frá dómurum. Ræsar stýra æfingu eins og um sjálfa keppnina sé að ræða og ræsa í samræmi við ráslista.

Leiðin (sjá mynd) – leiðin samanstendur af þremur mismunandi boxum og reilum sem iðkendur velja sér. Næsta hindrun er lending



með tveimur pöllum, annar er lítill og hinn er stærri. Neðst eru svo tvær erfiðleika línur, önnur með boxum og hin með reilum. Mikilvægt er að brýna fyrir keppendum að velja sér örugga leið og þá leið sem þeir ráða við. Misheppnað trix þar sem iðkandi dettur eða klárar ekki gefur engin stig en vel heppnað trix á léttari hindrun gefur meira en að misheppnast í erfiðari þraut.

Brettakross / Boardercross Hefðbundin útsláttarkeppni.

Fjórir keppendur renna sér saman niður brautina og tveir fyrstu komast áfram í næstu umferð. Að stytta sér leið, ýta í keppanda eða klessa viljandi á keppanda er bannað. Sá keppandi sem gerist brotlegur með þessum hætti er dæmdur úr keppni. Dregið verður í riðla fyrir hvern aldursflokk. Ef 6 keppendur eru saman í aldursflokki, renna sér saman 3 og 3.

Fundur fyrir keppni er haldinn í starti. Miðað er við mætingartíma sem tilgreindur er í dagskrá leikanna.

Númer - Keppendur fá sérstök afmælisnúmer til eignar í upphafi leikanna og eru með sömu númerin alla leikana.

Kvartanir eða álitamál - Komi upp kvartanir/álitamál skal þess gætt að samskipti fari í gegnum þjálfara og mótstjóra og séu afgreidd áður en mótstjóri afhendir útreikninga vegna verðlaunaafhendinga. Foreldrum keppanda skal haldið utan við þetta.

Búnaður

Hjálmar og bakbrynjur eru skyldubúnaður.





Andrésar andar leikarnir 2026

Skíðaganga – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru rafrænar á www.skidi.is og á facebook síðu leikanna www.facebook.com/andresarleikar

Mótsstjóri skíðagöngu er Lilja Filippusdóttir

Brautir og marksvæði - Kort af brautum eru í fararstjóramöppunni en einnig á Facebook síðu leikanna. Vinsamlegast kynnið ykkur brautir, vegalengdir og marksvæði og kynnið fyrir keppendum ykkar.

Vinsamlegast virðið girðingar og merkt svæði.

Skíðagöngugreinar og flokkar - Keppt verður með hefðbundinni aðferð og frjálsri aðferð. Vegna snjóalaga verður ekki keppt í ski-cross á leikunum 2026.

Boðganga er fyrir 9-11 ára og 12-15 ára í kynja- og félagablönduðum sveitum, aðferðir í ár eru HHF.

12-13 ára eru sömu krakkar og keppa sem 13-14 ára í bikarmótum, það sama á við 14-15 ára (eru sömu krakkar og 15-16 ára á bikarmótum). Andrés ákvað að breyta ekki eins og SKÍ til að vera í samræmi við alpagreinar og bretti á Andrésarleikunum.

Sjá startlista á skidi.is fyrir vegalengdir í hverjum flokki.

Ef ekki eru fleiri en 4 keppendur í aldursflokki/árgangi skal sameina árganga.

Leikjabraut – á laugardaginn, fyrir 4-8 ára

Allir þátttakendur í göngu á viðkomandi aldri eru skráðir sjálfkrafa í leikjabrautina á laugardaginn. Vinsamlegast látið vita á föstudeginum í gönguhúsinu ef einhver ætlar ekki að vera með í leikjabraut.

Reynt verður að hafa hluta af leikjabrautinni opna alla leikana til að skoða og leika sér í. Munið að hvetja og hafa gaman.

Boðganga – á laugardaginn, fyrir 9-11 ára **HHFF** (4 í sveit) og 12-15 ára **HHF** (3 í sveit)

Keppt er í boðgöngu í flokkum 9-11 ára og 12-15 ára í blönduðum sveitum – kynjablönduðum og blönduðum á milli félaga.

Reynum eftir fremsta megni að búa til jafnar sveitir óháðar félögum/héruðum. Mótshaldari ber ábyrgð á að blanda saman þátttakendum til að skapa jafnar sveitir.

Sveitir verða tilkynntar á facebook síðu leikanna á föstudags eftirmiðdegi.

Þjálfarar kynni keppendum sínum reglur í boðgöngu, t.d. varðandi skiptingar, skiptisvæði o.þ.h. Brýna fyrir börnunum að vera vel á verði þegar kemur að skiptingum og að snerting verður að vera á milli manna í skiptingunni. Nú eru komin ný boðgöngunúmer sem á að auðvelda þátttakendum að fylgjast með sinni sveit.

Starfsmenn mótsins aðstoða við skiptingar og að raða upp sveitum og láta vita þegar komið er að næsta spretti. Ekki er þörf fyrir að hafa þjálfara inni í „skipti hólfinu“ til að hafa áhrif á þetta.

Mikilvægt er að þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og aðrir áhorfendur virði girðingar og merkt svæði.

Skíðamerkingar og númer – Keppendur fá sérstök afmælisnúmer afhent að morgni fyrsta keppnisdags og skila þeim að keppni lokinni þann daginn. Í lok keppni föstudags þarf ekki að skila númeri og eru þau til eignar.

Skíðamerkingar eru er til gamans gerðar og fara þær fram í eða við gönguhúsið (við startsvæði) fyrir hverja göngu. Verið vakandi yfir að láta börnin merkja skíðin ef vilji er til. Brýnið fyrir keppendum að vera með tímatökufloguna þegar farið er á ráslínu.

Hvatning - Munum að hvetja alla á jákvæðan hátt og af háttvísi. Andrésar andar leikarnir eru fyrst og fremst leikur og skemmtun barnanna. Hrósum, fögnum og höfum gaman. Undir engum kringumstæðum er leyfilegt að skíða með keppanda.

Upphitunarbrautir og skíðaprófanir – til að vernda keppnisbrautir í mjúku færi þá er keppendum og þjálfurum bent á að nota ljósahringinn til norðurs til upphitunar og skíðaprófana.

Skíðagöngukort

Sjá næstu síður




BRAUTARKORT 2026



VEGALENGDIR
-1,0km
-1,5km
-2,0km

SKÝRINGAR


1. Bilastæði
2. Gönguhúsi
3. Vegur frá Skiðaskála




(birt með fyrirvara um snjóalög)



MARKSVÆÐI - EINSTAKLINGSSSTART



MARKSVAEÐI - BOÐGANGA



1:500



Andrésar andur leikarnir 2026

Skíðaskotfimi – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru á www.skidi.is og facebook síðu leikanna. Mótsstjóri skíðaskotfimi er: Veronika Guseva

Brautir og marksvæði - Kort af brautum og skotsvæði eru í fararstjóramöppu. Vinsamlegast kynnið ykkur brautir, vegalengdir, skotsvæði og marksvæði og kynnið fyrir keppendum ykkar. Vinsamlegast virðið girðingar og merkt svæði.

Hvatning og framkoma - Í skíðaskotfimi skal hvetja keppendur á jákvæðan og rólegan hátt. Leikurinn snýst um þátttöku og skemmtun. Hávaði, neikvæð ummæli eða að skíða með keppanda er ekki leyfilegt.

Mikilvægt er að þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og aðrir áhorfendur virði girðingar og merkt svæði.

Keppnisgrein - Keppt er í „Super Sprint“ með frjálsri aðferð. Skotið er liggjandi með búkkum og hefur hver keppandi 5 skot til að hitta á 5 skotmörk í hverri skotseríu. Fyrir hvert misheppnað skot bætast 20 sekúndur við heildartímann.

Ef ekki eru fleiri en 4 keppendur í aldursflokki/árgangi skal sameina flokka.

Flokkar og vegalengdir – gengið er með frjálsri aðferð

11 ára (árg. 2014): 3 × 800 m og skjóta tvisvar liggjandi. Framkvæmd: 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur í mark.

12–13 ára (árg. 2013–2012): 4 × 800 m og skjóta þrisvar liggjandi. Framkvæmd: 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur í mark.

14–15 ára (árg. 2011–2010): 5 × 800 m og skjóta fjórum sinnum liggjandi. Framkvæmd: 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur – skot, 1 hringur í mark.

Æfingaskot fyrir keppni - Æfingaskot hefst kl. 13:30 og stendur til kl. 14:00. Fyrir upphaf keppni fær hver keppandi tækifæri til að taka æfingaskot með laser-rifflí. Þetta tryggir að keppendur kynnist búnaðinum og fái tilfinningu fyrir skotsvæði og skotmörkum áður en keppni hefst. Leiðbeinendur verða á svæðinu.

Skotsvæði - Skotsvæðið er „silent zone“ fyrir keppendur, þar sem þeir mega ekki fá aðstoð frá þjálfurum eða öðrum meðan á skotseríu stendur. Áhorfendur geta fylgst með og hvatt

keppendur, en verða að sýna ró og þagna á meðan skot fer fram. Hvetja má með jákvæðum og rólegum hætti milli skota, en engin hávaðaáhrif eða athugasemdir þegar keppandi hittir ekki skotmarkið.

Ef keppandi þarf aðstoð á skotsvæði lyftir hann hendi og dómari kemur og aðstoðar.

Ef búnaður eða skotmörk eru ekki tilbúin þegar keppandi kemur á skotsvæði, verður tími tekinn með skeiðklukku af dómara og sá tími dreginn frá heildartíma keppanda í lok göngunnar.

Búnaður og fjarlægð - Notaðir eru laser-rifflar (Economic) og rafræn skotmörk. Fjarlægð að skotmörkum er um 10 metrar. Búnaðurinn er viðkvæmur og mikilvægt er að fara vel með rifflana; ekki má kasta þeim eða fara illa með þá þar sem það getur haft áhrif á næsta keppanda. Bannað er að stilla rifflana sjálfir.

Öryggi og næði á skotsvæði - Öryggi er alltaf í fyrirrúmi á skotsvæði. Rifflinum skal halda í átt að skotmörkum og aldrei beina honum að fólki.

Keppendur skulu stöðva sig áður en þeir stíga á teppi á skotsvæði. Hver keppandi hefur sitt svæði (2,75 m breitt) og skal gæta þess að vera innan þess svæðis, m.a. með stafi og skíði. Eftir skotseríu skal keppandi fara varlega af svæðinu og trufla ekki aðra keppendur á skotsvæðinu.


Val á skotsvæði og riffli - Á skotsvæði eru átta laser Economic rifflar, merkt 1–8. Keppandi velur sér svæði sem er laust þegar hann kemur. Ef dómari telur að keppandi þurfi að færa sig á annað svæði skal hann fylgja fyrirmælum dómarans, sýna samstarfsvilja og góða hegðun.

Úrskurðarvald dómara - Dómarar hafa vald til að ákveða hvaða riffilsvæði keppandi notar vegna tæknilegra eða öryggistengdra vandamála sem keppandi getur ekki metið sjálfur. Þetta getur átt við ef riffill bilar, rafhlaða eða laser virkar ekki rétt, snjór eða ryk hefur komist í rifflinn eða annað sem gæti haft áhrif á keppni. Þannig tryggir dómariinn sanngjarna keppni og öryggi allra á skotsvæðinu.

Númer og tímataka - Keppendur fá sérstök afmælisnúmer til eignar fyrir keppni. Brýnið fyrir keppendum að vera með tímatökuflöguna þegar farið er á ráslínu. Keppendur skila flögum að keppni lokinni.

Skíðaskotfimi kort - Sjá næstu síður

MARKSVAEDI SKIDASKOTFIMI




Skíðaskotfimi BRAUTARKORT 2026



VEGALENGDIR
-0,6km

SKÝRINGAR

1. Bilastæði
2. Gönguhús
3. Vegur frá Skíðaskála



MARKSVÆÐI



Andrésar andar leikarnir 2026

Skrúðganga / Verðlaunaafhendingar / Höllin

Skrúðganga hefst við Lundarskóla kl 19:00 og er gengið að Íþróttahöllinni þar sem mótssetning fer fram kl 19:30. Gerið ráð fyrir að vera komin tímanlega á svæðið.

Keppendur, þjálfarar/fararstjórar ganga svo inn í Höllina að norðan en foreldrar og aðrir að sunnan. Eingöngu eru sæti fyrir keppendur á gólfinu, aðrir fara í stúku.

Keppendur fara ögn lengri leið til að gefa foreldrum og öðrum betra rými til að fá sér sæti áður en keppendur ganga inn í Höllina.

Röð liða má sjá aftar í þessu skjali.



Verðlaunaafhendingar

Verðlaunað er fyrir sæti í flokkum 9 ára og eldri. Allir þátttakendur 4-8 ára fá þátttökuverðlaun sem veitt eru við mótsslit á laugardegi.

Verðlaunafjöldi - 18% af þátttökufjölda skráðra keppenda fá verðlaun, en aldrei færri en 3 sæti í hverjum flokki.

Öll verðlaun fyrir alla flokka verða afhent í Íþróttahöllinni að loknum hverjum keppnisdegi.

Undantekning frá þessu eru þátttökuverðlaun fyrir Stjörnuflokk og 4-8 ára í öllum greinum sem verða afhent við mótsslit á laugardegi.

Eins og undanfarin ár fara félögin saman á svið og taka við þátttökuverðlaunum. Röðin sem þau eru kölluð á svið er sú sama og í skróðgöngunni (sjá að neðan). Þjálfarar eru beðnir um að aðstoða við að halda utan um sína hópa svo þetta gangi vel fyrir sig.

Vinsamlegast hvetjið börnin til að sitja í sætum á meðan verðlaunaafhendingar fara fram – þannig gengur allt betur.

Höllin og röð í skróðgöngu

Sætaskipan félaga í Höllinni má sjá aftar í þessu skjali. Þetta á við alla dagana á meðan á leikunum stendur.

Allir keppendur sitja í sætum á gólfinu. Allar efri og neðri stúkurnar eru ætlaðar fyrir foreldra og fylgdarfólk – sjá teikningu á næstu síðu. Þetta verður einnig kynnt á facebook síðu leikana. Vinsamlegast hvetjið börnin til að sitja í sætum á meðan verðlaunaafhendingar fara fram – þannig gengur allt betur.

Eingöngu keppendur/fararstjórar gangi inn í Höllina með liðinu á setningu mótsins, ekki systkini eða aðrir fylgjendur. Eingöngu eru stólar fyrir keppendur á gólfinu en ekki aðra.


Röð félaga í skróðgöngu og verðlaunaafhendingu þátttökuverðlauna 8 ára og yngri

Dalvík
BFH (Brettafélag Hafnarfjarðar)
Hengill (KR, ÍR, Breiðablik, Víkingur)
SR (Skíðalið Reykjavíkur)
Ármann
Ullur
Tindastóll
SKÍS (Skíðafélagið í Stafdal)
Mývetningur
SSS (Skíðafélag Siglufjarðar)
SÓ (Skíðafélag Ólafsfjarðar)
Fjarðarbyggð
SFÍ (Skíðafélag Ísfirðinga)
SFS (Skíðafélag Strandamanna)
Fram
Geilo IL
SKA (Skíðafélag Akureyrar)

ANDRÉSARLEIKAR 2026
Skipulag íþróttahóll



- SKRÚÐGANGA**
1. Dalvík
 2. BFH
 3. Hengill
 4. SR
 5. Ármann
 6. Ullur
 7. Trindastóll
 8. SKÍS
 9. Myvtingur
 10. SSS
 11. SÓ
 12. Fjarðarbyggð
 13. SFÍ
 14. SFS
 15. FRAM
 16. Gello IL
 17. SKA





Andrésar andar leikarnir

Dagskrá 2026



SKAGI

Miðvikudagur 22. apríl

17:00 - 18:00	Mótgjafir afhentar fararstjórum/þjálfurum í Íþróttahöllinni
18:00	Fararstjórafundur í Brekkuskóla
19:00	Skrúðganga frá Lundarskóla
19:30	Mótssetning í Íþróttahöllinni
20:00-21:30	Sölusýning í Íþróttahöllinni



Akureyrarbær



SAMHERJI



Andrésar anddar leikarnir

Fimmtudagur 23. apríl



Tími	Aldur	Grein	Staður
------	-------	-------	--------

09:00	6-10 ára	Brettastíll (Slopestyle)	Hjallabraut
09:00	14-15 ára	Stórsvíg	Suðurbakki
09:30	12-13 ára	Svíg	Norðurbakki
09:45	9 ára	Svíg	Andrésarbrekka
10:00	6-11 ára	Skíðaganga (hefðbundin)	Skíðagöngusvæði
12:00	12-15 ára	Skíðaganga (hefðbundin)	Skíðagöngusvæði
12:00	11-15 ára	Brettastíll (Slopestyle)	Hjallabraut
13:30	8 ára	Svíg	Andrésarbrekka
13:30	11 ára	Svíg	Norðurbakki
13:30	10 ára	Stórsvíg	Suðurbakki
11:00-13:00	4-5 ára	Leikjadagskrá í Hlíðarfjalli	Hólabraut
14:30	11-15 ára	Skíðaskotfimi	Skíðagöngusvæði (æfing kl 13:30)
18:00-21:00		Sölusýning opin	Íþróttahöllin
19:00		Verðlaunaafhending	Íþróttahöllin





Andrésar andar leikarnir

Föstudagur 24. apríl



Tími	Aldur	Grein	Staður
------	-------	-------	--------



09:30	9 ára	Stórsvig	Norðurbakki
09:45	Stjörnuf. 7-15 ára	Stórsvig	Andrésarbrékka
09:45	8 ára	Stórsvig	Andrésarbrékka
10:00	6-11 ára	Skíðaganga (frjáls aðferð)	Skíðagöngusvæði
10:30	12-13 ára	Stórsvig	Suðurbakki
12:00	12-15 ára	Skíðaganga (frjáls aðferð)	Skíðagöngusvæði
13:00	6-7 ára stúlkur	Stórsvig	Andrésarbrékka
13:00	4-7 ára drengir	Leikjabraut alpagreinar	Ævintýraleið
13:00	10 ára	Svig	Norðurbakki
18:00-21:00		Sölusýning opin	Íþróttahölin
19:00		Verðlaunaafhending	Íþróttahölin



Andrésar andar leikarnir

Laugardagur 25. apríl



Tími	Aldur	Grein	Staður
------	-------	-------	--------

09:00	4-10 ára	Brettakross (Boardercross)	Suðurgil
09:00	11-15 ára	Brettakross (Boardercross)	Suðurgil
09:00	14-15 ára	Svig	Norðurbakki
09:30	11 ára	Stórsvig	Suðurbakki
10:00	4-7 ára stúlkur	Leikjabraut alpagreinar	Ævintýraleið
10:00	6-7 ára drengir	Stórsvig	Andrésarbrékka
10:00	4-8 ára	Leikjabraut skíðaganga	Skíðagöngusvæði
11:15	9-11 ára	Boðganga (HHFF)	Skíðagöngusvæði
12:00	12-15 ára	Boðganga (HHF)	Skíðagöngusvæði
14:00-16:00		Sölusýning opin	Íþróttahölin
15:00		Verðlaunaafhendning og mótsslit. Þátttökuverðlaun 8 ára og yngri og verðlaun fyrir stjórnuflokk	Íþróttahölin

samskip



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Skrúðgönguleið





Andrésar andar leikarnir

Sölubásar í Íþróttahöllinni á meðan á leikum stendur.
Skíða-, bretta- og útivistarbúnaður í miklu úrvali.

Opnunartímar:

Miðvikudagur 20:00-21:30
Fimmtudagur 18:00-21:00
Föstudagur 18:00-21:00
Laugardagur 14:00-16:00

ÚTIVIST & VEIÐI



Útilíf



Everest

GG SPORT



fjallanöf



POC